



Leikskólinn Lundaból
Garðabæ



Læsi í Lundabóli **2015**

Styrkþegi: Leikskólinn Lundaból
Verkefnastjóri: Dagbjört Erla Ásgeirsdóttir



Leikskólinn Lundaból
Garðabæ



Skýrsla fyrir Þróunarsjóð leikskóla Garðabæjar

Heiti verkefnis: Læsi í Lundabóli

Styrkþegar: Leikskólinn Lundaból

Verkefnastjóri: Dagbjört Erla Ásgeirsdóttir

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn: að nemendur okkar öðlist betri tök á íslenskri tungu og að við náum að undirbúa þau sem best undir komandi lestarnám. Við ætlum að kynna okkur það nýjasta í læsishvetjandi námi í leikskóla og kaupa nýtt, endurnýja gamalt efni og eða búa til námsefni til að nota. Við ætlum að útbúa bókasafn hérna í leikskólanum og lána foreldrum góðar og vandaðar bækur með sér heim og ná með því að virkja foreldra til yndislestur heima með börnum sínum.

Verkefnið: Við keyptum bækur og náðum að endurnýja bókakost, höfum aðstöðu til að lána foreldrum bækur heim. Keyptum námsefni og fengum fræðslu og kennslu til að nota það, röðuðum, skipulögðum og endurgerðum gamalt heimatilbúið námsefni. Gerðum læsisstefnu fyrir leikskólann og unnum hana saman yfir skólaárið. Festum í dagskipulagi lestrarstundir þar sem lesin er vönduð og góð bók með ríkulegu málfari. Unnum markvisst með málörvun á öllum deildum og kortlögðum hvernig best er að leggja inn læsi, stafi og hljóð. Komum okkur saman um að fyrsta verk væri alltaf að kenna að hlusta. Lögðum mikla áherslu að kenna hlustun með fjölbreyttum og skemmtilegum leiðum.

Hindranir og frávik: Þetta verkefni gekk vonum frammar. Allt starfsfólk var virkjað og margir mjög áhugasamir. Lubba verkefnið sló í gegn og var starfsfólk fljótt að tileinka sér notkun þess. Helsta hindrunin var tímaskortur, hefðum getað eytt meiri tíma í að spá og spekúlera, en þetta slapp samt alveg.

Mat á verkefninu: Frábært verkefni þar sem við sáum árangur mjög fljótlega. Börnin í næstelsta árgangi eru mörg hver farin að lesa og /eða komin vel á veg með lestrarnám. Börnin sem eru að hætta í sumar og fara í grunnskóla í haust eru komin mjög langt í lestarnámi og með ríkulegan grunn til að skilja og tala fallett mál. Við sjáum mikinn árangur hjá öllum börnunum eftir að við byrjuðum að æfa markvissa hlustun. Börnin okkar eru róleg, yfirveguð og duglega að hlusta.



Ráðstöfun styrks :

Námsefni:

Lubbi finnur málbein	74.100
Námsefni	13.470
Bækur	64.588

Sérfræðingar, kynning, fræðsla:

Lubbasmiðjan	100.000
Kolbrún Hrund	20.000
Dagbjört Erla	60.000
Aðalheiður Eva	37.842
Samtals:	370.000

Ávinningur fyrir skólastarfið og hvernig á að kynna: Í Lundabóli höfum við verið að vinna að gerð læsisstefnu og felur hún í sér að unnið sé markvisst með hlustun og málörvun af ýmsum toga.

Á öllum deildum eru lesnar og sagðar sögur, æfðir söngvar, þulur og vísur. Einnig vinnum við með samstöfun, rím, orðaspjall, samsett og margræð orð og orðhlutaeyðingu.

Við leggjum ríka áherslu á vandað málfar og setjum orð á allar athafnir. Haustið 2016 ræddum við um að innleiða verkefnið Lubbi finnur málbein og fengum við fræðslu á því á skipulagsdaginn 2. Janúar 2017. Þetta verkefni fjallar um hundinn Lubba sem ferðast um Ísland og á vegi hans kynnist hann bókstöfum og æfir hljóðin með táknmáli og látbragði. Einnig eru stuttar vísur og söngvar sem fjalla um hvern bókstaf fyrir sig.

Börnin á elstu deildinni vinna meira með bókstafina og framsögn, ásamt sögugerð og öðru námsefni sem styður við lestrarkennslu og nám í íslenskri tungu. Börnin læra á sínum hraða og ráða sjálf hvort og hvernig lestrarnámið fer fram.



Leikskólinn Lundaból
Garðabæ



Við höfum séð miklar framfarir hjá nemendum okkar og þá ekki síst hjá næst elsta árgangi en þar eru margir komnir langt á veg með stafabekkingu og hlustun.

Björg Helga Geirsdóttir
leikskólastjóri